

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 957/2017, um endurgreiðslu virðisaukaskatts og áfengisgjalds til sendimanna erlendra ríkja.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

2. mgr. orðast svo: Sendimenn erlendra ríkja, þ.m.t. erlend sendiráð og sendierindrekar, eiga rétt á því að fá endurgreiddan virðisaukaskatt og áfengisgjald af kaupum á vörum og þjónustu innanlands, þó ekki vöru og þjónustu sem fellur undir 4. gr. og matvælum öðrum en áfengi, enda sé því lýst yfir að viðkomandi vara og þjónusta sé eingöngu ætluð til notkunar fyrir erlent sendiráð eða til persónulegra nota sendierindreka og þeirra venslamanna hans er teljast til heimilisfólks, sbr. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Vara og þjónusta skal vera í eðlilegu magni og umfangi miðað við tilgang kaupanna hverju sinni og skal ætlað að ná yfir raunverulegar þarfir erlends sendiráðs, sendierindreka og þeirra venslamanna hans er teljast til heimilisfólks og hafa fasta búsetu hér á landi.
- Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Endurgreiðsla skal taka til uppsetningar og kaupa á hleðslustöð fyrir bifreiðar til uppsetningar í eða við embættisbústað sendiherra eða skrifstofuhúsnaðis sendiráðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXII í lögum nr. 50/1988.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

1. mgr. orðast svo:  
Utanríkisráðuneytið afgreiðir beiðni um endurgreiðslu og skal hún vera á því formi sem það ákveður.
- Á eftir 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Með beiðni skulu fylgja afrit sölureikninga, prentuð eintök rafrænna sölureikninga eða eftir atvikum afrit annarra tekjuskráningargagna. Gögn sem lögð eru fram til grundvallar beiðni um endurgreiðslu skulu vera í samræmi við ákvæði 20. og 21. gr. laga nr. 50/1988, og fullnægja skilyrðum II. kafla, sbr. einnig 15. gr., reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Virðisaukaskattur sem endurgreiðslubeiðni tekur til skal vera vegna kaupa á vöru eða þjónustu hér á landi. Þá skal seljandi vöru eða þjónustu hér á landi vera skráður á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað. Utanríkisráðuneytið gengur úr skugga um að endurgreiðslubeiðni ásamt fylgigögnum uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar.

Utanríkisráðuneytið skal tilkynna umsækjanda um ákvörðun sína um endurgreiðslu. Tilkynning um ákvörðun skal send með almennri póstsendingu eða rafrænt á því formi sem utanríkisráðuneytið ákveður. Með tilkynningu ráðuneytisins skulu þau frumgögn endursend sem kunna að hafa verið lögð fram með umsókn.

Utanríkisráðuneytið skal tilkynna um ákvörðun sína til Fjársýslu ríkisins sem annast endurgreiðslu.

2. mgr. orðast svo:  
Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð einstaks reiknings nemí a.m.k. 13.000 kr. með virðisaukaskatti og fjárhæðin sé greidd í einu lagi. Krafan um lágmarks-fjárhæð skal þó ekki eiga við um greiðslu kostnaðar vegna síma, nettengingar, öryggiskerfis, sorphirðu, fráveitugjalda og annars beins rekstrarkostnaðar sendiráðs, s.s. vegna kaupa á rafmagni og heitu vatni. Utanríkisráðuneytið skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 13.000 kr. með virðisaukaskatti, sbr. þó 2. málsl. Utanríkisráðuneytið skal á ári hverju endurskoða lágmarksfjárhæð einstaks reiknings, sbr. 1. málsl, og leggja til við fjármála- og efnahagsráðuneytið breytingar á fjárhæðarmörkum ef þörf þykir.

- d. Á eftir 1. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Utanríkisráðuneytið tekur beiðni aðeins til greina hafi hún verið samþykkt af hálfu sendiráðs eða fulltrúa þess sem hefur heimild til þess að samþykka beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Endurgreiðsla skal berast til innlendar bankastofnunar.

**3. gr.**

Á eftir 3. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein er verður 4. gr. svohljóðandi: Virðisaukaskattur er ekki endurgreiddur af eftirfarandi vörum og þjónustu:

- a. fornmunum,
- b. uppboðsmunum,
- c. gjafakortum og gjafavörum,
- d. aðgangi að vegamannvirkjum,
- e. vörum og þjónustu vegna hvers kyns afþreyingar, s.s. aðgangseyris að kvikmynda- og leikhúsum, sýningum, bókum o.fl.,
- f. aðildargjöldum að félögum og samtökum,
- g. lyfjum,
- h. byggingarkostnaði vegna byggingar, endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði í eigu sendirindreka eða venslamanna hans,
- i. útgjöldum vegna tryggingamála, s.s. tryggingabótum, þegar útgjöld eru greidd af tryggingafélagi eða öðrum aðila.

**4. gr.**

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 43. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum, 3. mgr. 6. gr. og 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar og 2. gr. reglugerðar nr. 957/2017, er heimilt að óska eftir endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt reglugerð þessari frá og með 1. janúar 2019 vegna kaupa á vörum og þjónustu sem fellur undir reglugerð þessa. Utanríkisráðuneytið skal afgreiða þær endurgreiðslubeiðnir sem varða tímabilið 1. janúar 2019 til gildistökudags þessarar reglugerðar í einu lagi án tillits til endurgreiðslutímabila.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 6. maí 2020.*

F. h. r.  
**Helga Jónsdóttir.**

*Hlynur Ingason.*